

# Málrækt og læsisáætlun Aspar

Nichole Leigh Mosty leikskólastjóri og starfsfólk  
Aspar

## 2014



Í lögum um leikskóla segir : “Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppleldiskosta” (Lög um leikskóla nr.90/2008). Hér í Ösp eru börnin sett í brennidepli og leggjum við sérstaka áherlsu á málrækt og með því undirbúum við þau fyrir lestrarnám. Við hlúum að einstaklingnum sem félagslegu fyrirbæri og teljum að lykill að vellíðan þeirra liggji í fjölbreytri nálgun í málrækt og samskiptum, sérstaklega þau börn með anað mál en íslensku.

Leikskólinn ösp - Reykjavík  
Iðufelli 16, 111  
557-6989  
osp@reykjavik.is

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Markmið .....	2
Áhersla og leiðir:.....	2
Samskipti .....	3
Grunn þættir í bernskulæsi: .....	4
Mánaskjól 18 mánaða til 3. ára .....	4
Fífuhöll 3 ára til 5 ára.....	5
Trölladyngja 5-6 ára börn .....	7
Orðflokkar skólaárið 2014– 2015 .....	8
Fræðslu og símenntun til starfsmanna:.....	9
Skipulagsdagar.....	9
Mat .....	10
Móðurmál, foreldrasamstarf og virkt tvítýngi.....	10

## Inngangur

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Tungumálið er mikilvægur þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrota. Því ber að leggja áherslu á málrækt. Í Ösp leggjum við ríka áherslu á máltöku með sérstöku tilliti til barna með annað mál en íslensku. Við leggjum áherslu á máltöku íslensku bæði sem móðurmál og annað mál. Okkar hlutverk er að styðja við foreldra með annað mál en íslensku og hvetja til málörvunar barna í móðurmáli (m.a. með fræðslu, hagnýtum upplýsingum um málörvun og tvítyngi, einnig gegnum virkt samstarf milli heimilis og skólans) Unnið er markvisst að aukinni hlustun, orðaforða, málskilningi, frásagnarhæfni, hljóðvitund og þróun ritmáls. Málörvun á að vera efst í huga hjá starfsfólki í öllu sem við gerum og hvert tækifæri notað til að rækta íslensku í gegnum leik, söng, samskipti, og í öllum mögulegum aðstæðum þar sem barn og fullorðnir eru saman.

Læsi er oftast skilgreint í tengslum við færni sem fólk þarfnast til þess að geta lesið og yfirfært hugsanir sínar í ritmál. Í Aðalnámskra leikskóla (2011) er læsi skilgreint í víðum skilningi, „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ (2011:42). Hér í Ösp er lögð áhersla á að efla mikilvægan grunn til að þroska börn og undirbúa þau fyrir lestrarnám. Í *Lesið í leik, læsisstefnu leikskóla(2013)* gefinn út af Skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er hugtakið bernskulæsi (emergent literacy) það hugtak sem endurspeglar best þær starfsaðferðir sem við vinnum með í Ösp. „Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum, það tekur til hefðbundinna læsisþátta: bernskulæsi mótar eigið viðhorf barna til læsis og vitundar þeirra um tilgang þess. Auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðar lestrarfærni.“ (2013:3)

## Markmið

- Að markvisst sé unnið frá upphafi leikskóla að efla áhuga barna á tungumáli og samskiptum.
- Að samskipti milli fullorðinna og barna stuðli að vellíðan, félagsþroska og máltöku.
- Að umhverfi skólans bjóði upp á fjölbreytt og margvísleg tækifæri barna til að umgangast tungumál.
- Að unnið sé markvisst við að rækta orðaforða og málskilning barnanna á fjölbreyttan hátt.
- Að barnabækur séu sýnilegar, aðgengilegar og lesið sé daglega.
- Að starfsmenn Aspar noti dagleg samskipti í að efla og styrkja orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barna.
- Að starfsmenn Aspar séu sífellt að bæta þekkingu sína um málrækt og læsi með það að leiðarljósi að skapa nýjar leiðir í leik og kennsluaðferðum.
- Að markvisst sé unnið að því að stuðla að máltöku íslenskunar sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítyngrá bana í leikskólastarfinu.
- Að foreldrum og börnum með annað mál en íslensku sé mætt af virðingu og veittur stuðningur og hvatningu við að efla móðurmál þeirra.
- Að stuðlað sé að samstarfi við Fellaskóla og Vínafell þannig að börnin upplifi samfellu í námi.

## Áhersla og leiðir:


Við í Ösp leggjum ríka áherslu á samskipti, markvissa málrækt, fjölbreyttar aðferðir í kennslu og leik og síðast en ekki síst frelsi til þess að skapa nýjar leiðir í að miðla tungumáli til barnanna.

## Samskipti

Í upphafi leikskólagöngu þurfa börn að finna fyrir öryggi, sérstaklega þau börn sem koma til okkar með annað móðurmál en íslensku. Við teljum að samskipti séu okkar sterkustu tæki til þess að mæta börnum og miðla bæði vellíðan og tungumáli. Við leggjum ríka áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti milli fullorðinna og barna, og viljum vinna af fullum krafti við að styðja slíkt samskipti milli barna. Starfsfólk Aspar for í hugstormisvinnu við að kortleggja og skilgreina bæði hvað við teljum vera viðeigandi og uppbyggileg samskipti, óæskileg og niðurlægandi samskipti. Hér eru niðurstöður og myndlíking um þau samskipti sem við teljum vera í okkar „verkahring“ í samskipti við börn, foreldra og samstarfsmenn.

**Jákvæð Samskipti almenn:** Heiðarleiki, hlusta á aðra, hreinskilni, virðing, að það sé hlustað á einstaklinginn, hugsa um það sem sagt er, gleði, nærgætni, vera fyrirmynd, sýna sameignlegan áhuga, setja sig í spor annarra, jákvæðni, gagnvirkni, traust, lausnaleyti, ánægja, kenna og læra, hugsa sig tvisvar um áður en orð eru látinn falla, þarfir hvers og eins, hlusta á hugmyndir annarra, upplýsingaflæði, bjóða góðan daginn, ræða um líðan og tilfinningar, léttlyndi, skýr skilaboð, fatta að samskipti hafa áhrif á líðan annarra, við eigum öll gildi.

**Samskipti sérstaklega við börn:** Traust, virðing, opin samskipti, mismunandi þarfir, góð samskipti við foreldra, styrkja jákvæða hegðun, mæta hverjum og einum einstaklingi eins og hann er, hlusta og heyra, vera jákvæð, glaðlynd, ræða saman um reglur/hegðun við ákveðnar aðstæður, sýna áhuga á því sem þau segja og gera, **sýna** að þú **ert** að hlusta, hrósa börnunum, ekki leyfa hegðun barnanna að hafa áhrif á samskipti, **aldrei** mæta barni með fordómum, gefa börnum tækifæri til að tjá sig skiljanlega, ekki taka af þeim orðið og ekki tala fyrir þau.



## Grunn þættir í bernskulæsi:

Í Ösp er það okkur mikilvægt að unnið sé markvisst að því að efla færni tengdri hverjum þætti hjá hverjum og einum, með tilliti til þess að börn þroskist og tileinki sér nýja færni og þekkingu mishratt. Þeir þættir sem um er að ræða eru: orðaforði, málskilningur, hljóðkerfisvitund, þekking á bókstöfum, umskráning, ritun. Við höfum útbúið fagáætlun sem deildarstjórar fá í hendur í upphafi árs. Í fagáætlun er starf deildarstjóra skilgreint með sérstökum áhersluþáttum. Fagáætlun er áskorun til starfsfólks um að vinna markvisst með málörvun tengdri grunnþáttum bernskulæsi í gegnum allt starfið. Hún er einnig rammi sem notaður er til að skilgreina hlutverk starfsfólks tengdu málrækt. Við teljum að slík áætlun tryggi það að starfsfólkið sýni fagleg vinnubrögð og geti betur metið hvar hvert barn er stutt varðandi máltöku og málrækt.

## Mánaskjól 18 mánaða til 3. ára

Á Mánaskjólí er lögð mest áhersla á að efla orðaforða og málskilning ásamt frásagnarhæfni. Starfsfólk vinnur bókstafleg á gólfinu og í hæð barnanna til að tryggja nærveru og öryggi. Við teljum að þegar starfsmaður er í hæð barnanna séu öll tækifæri nýtt til að miðla tungumáli og vellíðan. Hér fyrir neðan er fagáætlun sem starfsfólk á Mánaskjólí vinnur eftir. Hér viljum við taka fram að málrækt fer fram í öllu starfinu en við skilgreinum einnig málörvun sem áhersluþátt í starfinu.

### Áhersluþættir:

- **Tónlist:**
  - Dýpka vinnu með tónlist, leggja markvisst inn ný lög og útfæra þau á lýsandi og fjölbreyttan hátt svo að börn bæti ofan á orðaforðann og málskilning.
- **Skynjunarleikur:**
  - Flétta skynjunarleik inn í daglegt starf og tengja málörvun inni það (hugtök eins og yfir – undir, heitt – kalt, lítill – stór, mjúkt – hart o.s.frv.) Börnunum er boðið upp á einingakubba í þeim tilgangi að handfjatla kubba og byrja að skynja hvernig hægt er að notast við kubbana í leik. Starfsfólk leggur inn orð í kubbunum og í þeim leik sem fram fer í einingakubbunum.
- **Könnunarleikur:**
  - Efla orðaforða og skilning barns á hugtökum út frá áhuga barnanna. Innleiða myndræna skráningu (efla frásagnir barna)
- **Málörvunar stund:** – Hvíld eftir hádegismat – Eftir kaffi
  - Vinna markvisst með bækur og spil í málörvun:
  - Velja bækur í samræmi við orðflokka
  - Tengja orðflokka og bækur við umhverfi deildarinnar eins og myndir í hæð barna, loðtöflusögur o.fl.
- **Hreyfing:**
  - Vinna markvisst með vettvangsferðir. Áhersla lögð á upplifun, skynjun, náttúru, sköpun, setja orð á það sem við sjáum og upplifum ☺ Öll börn fari í litlum hóp 1x í viku í göngutúr í útiveru fyrir hádegi. Kraftmikil börn geta auðveldlega farið í Ævintýradalinn ☺ og unnið er að því að öll börnin geti notið Ævintýradalsins.
  - Setja upp þrautabraut í fataklefa þar sem boðið er upp er á fjölbreytt tæki og efnivið (bolta, grjónapoka, hringi, limbo, ormur..) setja orð á líkamshluti, ýmis hugtök og efniviður.

- **Útivera** – vera markvisst með börnum í leik í útiveru. Velja leiki sem krefst þess að börn hlusti á og fylgi fyrirætlunum.
- **Sköpun:**
  - Tengist skynjunarleik. Vinna með sköpun á fjölbreyttan hátt bæði úti og inni. Setja orð á efnivið og tengd hugtök. Mikilvægt að gefa börnum tækifæri til að túlka og setja sín eigin orð á það sem barnið er að skapa.
- **Hlutverkaleikur:**
  - Efla félagsleg tengsl, ímyndunarafl og málörvun. Starfsmaður er með börnum í hlutverkaleik sem virkur þátttakandi og nýtir öll tækifæri sem gefst til að setja orð á athafnir og hluti ásamt því að hvetja börnin til að segja frá því sem þau eru að gera og hugsa.
  - Innleiða markvissa vinnu með einingakubba – börnin læra að umgangast kubbana af virðingu, og heitin á bæði kubbnum og það sem barn byggir úr þeim.
- **Spjaldtölvur:**
  - Starfsfólk byrjar að kynna börnin fyrir notkun á spjaldtölvu með því að vinna með 2-3 börn í einu (eins fá og hægt er). Starfsmaður hjálpar barninu í að handfjalla tækið, leyfir því að búa til myndband og taka myndir af sjálfum sér. Starfsfólk notar „app“ sem er aldursvarandi í þeim tilgangi að leggja inn orð og tengja þau því sem verið er að vinna með í orðaflokkunum. (t.d. þegar unnið er með orðaflokk geta börnin sjálf unnið með spjaldtölvuna og flett upp þeim orðflokkum sem verið er að vinna með og fundið myndir til að setja í samhengi við orðflokkana hverju sinni.

### Fífuhöll 3 ára til 5 ára

Á Fífuhöll er lögð áhersla á að halda áfram að efla orðaforða og málskilning við tökum fyrstu skrefin í að efla hljóðkerfisvitund og ritun. Umhverfið á Fífuhöll endurspeglar orðaflokka sem unnið er með bæði í myndum og orðum. Leikefnið á að hvetja börnin til þess að kanna orðinn og tungumálið. Til dæmis í stafakróknum eiga að vera sýnileg orð og myndir tengd orðaflokkunum eða þeim staf sem verið er að vinna með í Lærum og leikum með hljóðin. Ásamt alls konar ápreifanlegum efnivið til að vekja áhuga barnsins á ritmál i og ýta undir áhuga á ritun.

### Áhersluþættir:

- **Málörvun:**
  - Unnið er markvisst með að efla orðaforða og málskilning í hópastarfi með notkun á bókum, sköpun og spilum sem tengjast orðflokkum.
  - Flétta orðaspjalli inni daglegt starf/ 4 ákveðnar vikur á orð sem við erum sérstaklega að leggja inn.
  - Vinna með lærum og leikum með hljóðin í samveru með börnum í sal /aðstoðarleikskólastjóri sér um að vinna áætlanir
  - Starfsfólk á að vinna mikið með fjölbreytt spil. Tækifæri gefast í spilum til þess að vinna í fámennum hóp þar sem starfsfólk miðlar ýmsum hugtökum og leiðsögn til barnanna. Starfsfólk fær einnig tækifæri til að meta málskilning hjá börnum í spilum þar sem þarf að fylgja fyrirmælum, fara eftir reglum og hafa samskipti við önnur börn.

- Í samverustundum og hóparstarfi er stuðst við eftirfarandi námsefni: Markviss málörvun, Orð af orði, Sögugrunnur, Tölum saman, Lærum og leikum með hljóðum og bækur í öllum stærðum og gerðum.
- **Tónlist:**
  - Leggja inn ný lög sem tengjast orðflokkum hverju sinni /aðstoðarleikskólastjóri veitir stuðning og ráðgjöf (nota söng efni sem er til í söngkistunni eða búa til lýsandi leiki og myndir sem ýtir undir málskilning barnanna)
- **Hreyfing :**
  - Vettvangsferðir eru stór hluti af daglegu starfi á Fífuhöll og áhersla lögð á að fara í vettvangsferðir í hópastarfi, flæði og eftir hádegi í útiveru. Ævintýradalurinn er áfram stór hluti af okkar vettvangsferðum þar sem við förum í leiki, upplifum, skynjum náttúruna sem er uppispretta sköpunar. Í vettvangsferðum læra börnin að varast hættur í umferðinni. Í útikennslu eru mörg tækifæri til að kenna börnum ný orð einnig viljum við að starfsfólk vinni í að elfa frásagnarhæfni barna með því að vinna úr vettvangsferðunum þegar heim er komið, t.d. tjá upplifarnir sínar með myndum og orðum. Taka myndir í ferðinni og varpa á skjáinn í salnum gefa börnunum tækifæri til að lýsa hvað er að gerast á myndum.
  - Íþróttir – Þjóða börnunum upp á leiki með reglum þar sem kröfur eru gerðar til þeirra að fylgja eftir fyrirmælum bæði einföldum og flóknari. Leggja inn orð tengdum líkamshreyfingu, íþróttarsalnum, Fellaskóla, spjalla á leiðinni í Fellaskóla svo má lengi telja.
  - Útivera – vera markvisst með börnum í leik og leikjum í útiveru, leikir með reglum í garðinum hjá okkur hafa sama gildi og þegar farið er í íþróttir.
- **Einingakubbar:**
  - Unnið markvisst með einingakubba í tengslum við orðaflokka, hópastarfi og í frjálsum leik í flæði. Starfsmenn eru virkir í leik með börnunum. Á Fífuhöll eru allar tegundir af kubbum hér er mikilvægt að starfsmaður noti tækifæri til að kenna börnum nöfn á kubbum og leggur inn ýmis hugtök.
- **Sköpun:**
  - Unnið er með sköpun í flæði, hópastarfi og daglegu starfi. Einnig í vettvangsferðum. Vinna með sköpun á fjölbreyttan hátt bæði inni og úti. Áskorun til starfsfólks er að finna leið til þess að vinna með málörvun í tengslum við sköpun... starfsmenn eru hvattir til þess að muna að markmiðið er alltaf að skapa nýjar leiðir í starfinu með börnum. Við byrjum að leggja áherslu á ritun í tengslum við myndlist og bjóðum börnum upp á „stafakrókinn“ í fyrsta skiptið. Stafakrókurinn er staður þar sem börn fá að tileinka og leika sér með ritmál. Í stafakróknum eru ritföng, blöð, tússtafla, bæklingar, nöfn allra barna, kubbar með stöfum, stafir til að þræða með, segla stafir og ýmsar aðrar útfærslur á stöfum og ritmáli.
- **Spjaldtölvur:**
  - Í flæði, hópastarfi notað til málörvunar og sköpunar. Starfsmaður vinnur með hámark fjögur börn í einu. Spjaldtölvur bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til málörvunar og sköpunar.

- **Vísindi:**

- Í flæði og hópastarfi. Unnið með ljós og skugga. Segla o.fl. með það í huga að börn séu með meðfædda forvitni og hvött til þess að uppgötva. Starfsmaður ber ábyrgð á að leggja inn ýmis orð og hugtök í tengslum við efnivið og viðfangsefni.

### Trölladyngja 5-6 ára börn

Á Trölladyngju er áfram unnið með áherslu á að efla orðaforða og málskilning. Við tökum skrefið lengra í málrækt og einblínum enn frekar á frásagnar hæfni með markvissa áherslu á setningargerð, hljóðkerfisvitund og sérstaklega umskráningu, markvisst er unnið með ritmál og stafabekkingu. Starfsfólk á Trölladyngju notar öll tækifæri í starfi með börnum til að vinna með þá þætti sem taldir voru upp hér að ofan bæði skipulagðar stundir og í frjálsum leik. Þegar ræt er um skipulagðar stundir er um að ræða að starfsmaðurinn leggur inn viðfangsefni og leiðsögn en barn framkvæmir, það á sinn hátt og með sínum hugmyndum. Mikil áhersla er lögð á samstarf við Fellaskóla í þeim tilgangi að börnin upplifi samfelt nám og byrji skólagönguna sem sterkir einstaklingar.

### Áhersluþættir:

- **Tónlist:**

- Velja lög sem tengjast orðflokki hverju sinni – tengja það könnunaraðferð t.d. kryfja lagið og vinna með það í sköpun/ aðstoðar leikskólastjóri veitir stuðning og ráðgjöf

- **Málörvun:**

- Hópastarf / könnunaraðferð. Orðaspjall. Unnið er markvisst með alla þætti bernskulæsis. Mikilvægt er að starfsmenn elstu deilda skrái vel og haldi utan um framfarir barna. Á elstu deild er mikið samstarf við Fellaskóla, hægt er að læra af kennurum og aðferðum sem eru notaðar þar, í til dæmis stafabekkingu, ritfærni, umskráningu og hljóðkerfisvitund. Náms efni sem unnið er oftast með á elstu deild eru: Markviss málörvun, Orð af orði, Sögugrunnur, Lubbi leikur með málbein, ýmsar og fjölbreyttar bækur,

- **Einingakubbar:**

- Efla sköpun og ritun. vinna með „orðaspjall“ í hvíld e.h. saga tekin fyrir í ákveðinn tíma og unnið með lykilorð úr sögunni á fjölbreyttan hátt.

- **Spjaldtölvur**

- Flæði, hópastarfi og Orðaspjalli. Á elstu deild viljum við sjá frekari vinnu með verkefni á spjaldtölvum tengdri frásögnum og sköpun barna. Til dæmis má nefna forrit eins og Puppet Pals eða Little Book Maker þar sem börn búa til setningar og sögur í tengslum við myndir.

- **Samstarf með Fellaskóla og leikskólanum Holt**

- Unnið samkvæmt áætlun „Okkar mál“ Sólveig er verkefnastjóri en Þurý er tengiliður
- Börn fara í ýmiskonar og fjölbreyttar heimsóknir og bekkjastundir í Fellaskóla einnig í frístundarheimilið Vínafell. Einnig tökum við vel á móti börnum í 1. bekk Fellaskóla hjá okkur í Ösp nokkrum sinnum á árinu.



- Dagur íslenskrar tungu fer fram í Fellaskóla ásamt grunnskólanemendum.
  - Deildarstjóri Trölladyngju og kennarar 1. bekk í Fellaskóli hittast á fundum þar sem rætt er um leiðir til að efla samstarfið og starfsaðferðir. Þeir fá að heimsækja samstarfsaðila í kennslustofunni í þeim tilgangi að skilja betur starfið og hvernig unnið er með börn í báðum skólum.
  - Söngbók er búin til í Fellahverfi með sameiginlegum lögum sem börn bæði á elstu deild leikskóla og í 1. bekk Fellaskóla vinna saman með lögin.
  - Útskrift leikskóla fer fram í Hátíðarsal Fellaskóla.
- **Hreyfing:**
    - Íþróttir í Fellaskóla
    - Útivera – vera markvisst með börnum í leik og leikjum í útiveru
    - Vettvangsferðir er stór hluti af daglegu starfi á Trölladyngju. Tengja sérstaklega könnunaraðferð, orðaflokkum og ýmsu öðru starfi.
  - **Stærðfræði og vísindi:**
    - Talnagildi – Form – Rýmisgreind mikilvægt er að efla orðaforða tengdum stærðfræði. Mikilvægt er að vinna markvisst við að efla málskilning í tengslum við talnagildi, form og rýmisgreind þar sem elstu börn leikskólans hefja nám í þessu viðfangsefni við upphaf skólagöngu.
    - Sköpun er stór hluti af starfsemi á elstu deild leikskólans. Börn á þessu stigi leikskólans hafa verið að byggja orðaforðann upp á markvissan hátt í 3-4 ár. Gegnum sköpun fá börn tækifæri til að tjá sig. Málskilningur eykst í gegnum sköpun og þau verkefni sem börnin framkvæma. Það er þar sem við viljum meta framför í máltöku. Flétta sköpun inn í Könnunaraðferðina
    - Sköpun í flæði, vettvangsferðum og daglegu starfi
    - Mikil áhersla er lögð á ritun og hún tengd inn í sköpun svo að börn upplifi ekki „þrýsting“ við að læra að skrifa nafn sitt. Börn upplifa náttúrulegt ferli tengt við myndmál og ritmál.

### Orðflokkar skólaárið 2014– 2015

Í Ösp höfum við ákveðið að vinna með átta orðaflokka. Það er mikilvægt að börn byggja upp góðan grunn hvað varðar orðaforða, við teljum að með því að vinna með ákveðna orðaflokka verði vinna starfmanna í Ösp markvissari. Orðaflokkar eru hugsaðir út frá barninu og er uppbyggilegir . Hvern flokk er unnið með í u.þ.b sex vikur í senn. Deildarstjórar velja orð, bækur, söng, vettvangsferðir, myndir, spil og ýmislegt viðfangsefni til að vinna með. Áætlað er að börn „syndi í orða sjó“ og fullorðnir noti fjölbreyttar leiðir og kennsluaðferðir til þess að miðla til barna. Hægt væri að líkja slíkum vinnubrögðum við hefðbundna „þemavinnu“, en markmiðið er að við einblínum á að rækta málproska og máltöku barnanna með því að leggja áherslu að ákveðinn orðaflokk. Við byrjum alltaf nær börnunum og flytjum okkur lengur út í veröldinni þeirra. Undir hvern orðaflokk eru nokkrir valmöguleikar fyrir deildarstjóra að velja úr. Til dæmis í byrjun ársins fá yngstu börnin að vinna með orð um sjálf sig (líkamshluti og lýsingu á sjálfu sér, hárlit, auga). Börn sem eru lengra komin vinna með orð tengd fjölskyldu, fjölskyldugerð, fjölskyldusiði og áfram má telja. Þau börn sem eru enn lengra komin, eða eru búin að vinna með fjölskylduna (oftast elstu deild) fá að vinna með heimili og allt tengt því bæði innan og utan dyra. Þar sem börn læra á misjafnan hátt og mishratt. Unnið er á mjög fjölbreyttan hátt og tryggt er að ef barn er ekki komið með grunn skilning á öllum orðaflokkum.

Til dæmis ef barn er ekki komið með góðan grunn á orðum tengdum því sjálfu þó að deildin sé að vinna með til dæmis heimili, þá er alltaf hægt að tengja og fletta inn vinnu við þau orð, þar sem orðaflokkurinn er breiður, barn mun ekki finna fyrir því.

9.sept.-11.okt.	14.okt.-22.nov.	25.nov.-20.des.	6.jan.-15.febrúar
Ég sjálf/ur	Tilfinningar	Sköpun	Heilbrigði
Fjölskyldan	Skynjun	Jólaverkstæði	Hreyfing
Heimili	Boðskipti	Jólagjafir og tilheyrandi	Matur
	Vinir	Jólasöngvar	Tannvernd
		Jólasögur	Tannverndarvika

17.feb.-28.mars	Apríl ←	Maí →	Júní
Barnamenning	Umhverfi	Dýr	Sund
Ævintýri	Náttúra	Sveitin	Vettvangsferðir
Leikir og leikföng		Sveitaferð	

Deildarstjórar: Sjá um undirbúningsvinnu fyrir deildina eins og að vinna mánaðarlega áætlun, velja lög (samstarf við Sólveigu), tengja viðfangsefni sköpun, vettvangsferðum, einingakubbum, hreyfingu, málörvun.

### Fræðslu og símenntun til starfsmanna:

Leikskólastarfið er lifandi þar sem starfsmenn koma og fara, barnahópurinn er síbreytilegur og þarfir tengdar honum. Einnig er alltaf þróun í menntunarkerfinu, ný stefna frá menntamálráðuneyti og Skóla og frístundasviði, nýjar kennsluáðferðir og leiðir í menntun barna. Mikilvægt er að halda starfsmönnum upplýstum, menntuðum og jafnvel áhugasömum hvað varðar málþróun og máltöku. Stjórnendur Aspar vil tryggja það að skólinn sé framsækin og sífellt í þróun. Við viljum einnig tryggja það að starfsmenn okkar séu öruggir og skilji vel þeirra hlutverk og kröfur sem gerðar eru til þeirra. Til þess að tryggja slíkt á hverju ári er gerð áætlun þar sem stjórnendur kortleggja hvaða fræðsla mun best styðja við slíka þróun og starfsmenn. Hér fyrir neðan er dæmi um hvernig símenntun var framkvæmd árið 2013-14 hægt er að sjá.

### Skipulagsdagar

- **6. september** : Hópelfi, skilgreining á starfi, næsta skólaár (áhersluþættir), Gildis hugtök vinnu.
- **4. október**: Jákvæð og uppbyggingaleg samskipti við börn, e.h. sameiginlegur starfsdagur Breiðholts (Ösp með fyrirlestur um Okkar mál verkefni og Blíð byrjun verkefni).
- **25. nóvember**: Skyndihjálpar námskeið (sameiginlegt með Holti) og e.h. Lýsandi málörvun með tónlist.
- **3. janúar**: Sameiginlegur starfsdagur vegna Okkar mál verkefni. F.h. Ösp og Holt málörvun með notkun spila og tvítýngi, málörvun með bækur og sögur. E.h. Fellaskóli, Ösp og Holt lífsleikni og foreldrasamstarf.
- **14. mars**: málörvun Diagnostic Reading (skilgreind eða lýsandi lestur) og námskrágerð
- **30. maí**: mat og ígrundunar vinna

## Mat

Við teljum fyrst og fremst að skráningar séu besta leiðin til þess að framkvæma „símat“ í starfinu þar sem starfsfólk er sífellt að ígrunda það sem fer fram milli sín og barnanna, stöðugt að meta og rýna í framför hvað varðar málþroska og þróun þess. Við höfum tileinkað þau vinnubrögð í Ösp að starfsfólk eru alltaf bókstaflega á gólfinu með börn að eiga samskipti við börn, svo að hægt er að taka eftir hvort börn eru að meðtaka íslensku tungu. Ef við finnum fyrir því að einhvert barn er í vandræðum hvað varðar máltöku þá er gripið til viðeigandi ráðstafanna.

Eins og staðan er í dag höfum við ekkert formlegt mat sem við vinnum eftir innan veggja leikskólans. Við biðum með mikilli eftirvæntingu eftir endurgerð matsaðferð frá Kolbrúnu Vigfúsdóttur „Staða > Framfarir> Framhald“.

Málþroska próf sem slík eru ekki notuð í Ösp nema þegar við sjáum að barn er ekki að ná framförum. Þegar við undirbúum foreldrasamtöl bæði í haust og vor meta deildarstjórar orðaforða, málskilning, hlustun og hljóðkerfisvítun hjá börnum.

Hvað varðar læsisstefnuna sem slíkt þá er það okkar áætlun að meta hana ár hvert bæði að hausti og vori. Í byrjun skólaárs á haustið til munum við yfirfara markmiðin, áherslu þættina í starfinu, efnivið og viðfangsefni. Síðan á vor önn munum við meta stefnuna ýtarlega, þar sem við sjáum hvað hefur gegnið vel og hvað hefur ekki vel og af hverju, síðan er sett niður drög sem innihelda leiðir til úrbóta við niðurstöður.

## Móðurmál, foreldrasamstarf og virkt tvítyngi

Rannsóknir hafa sannað það að þegar máltaka annars máls hefst á eftir máltöku hins málsins, hjá börnum sem ekki hafa góða undirstöðu í móðurmáli og móðurmáli er ekki viðhaldið, hefur það neikvæð áhrif á þróun málþroska og sérstaklega þróun læsis sem aftur leiðir til erfiðleika í námi. Við viljum gera allt sem við getum til þess að tryggja það að börn í Ösp með annað móðurmál en íslensku sé veittur sá stuðningur sem þarf við málrækt á báðum tungumálum. Máltaka tveggja tungumála samtímis leiðir til tvítyngis. Skilgreiningar á tvítyngi eru jafn misjafnar og þær eru margar en sú skilgreining sem við veljum að vinna með er að tvítyngd börn eru þau sem hafa tvö tungumál á valdi sínu. En færnin í hvoru tungumáli fyrir sig getur verið mismunandi. Ef barn lærir tvö eða fleiri mál samtímis, en bara ef bæði tungumálin eru notuð regulega og nægilegt innlegg fæst úr málumhverfinu, er þetta kallað virkt tvítyngi.

Þar sem við höfum takmarkaðan aðgang og þekkingu á flestum málum sem eru töluð meðal barnanna í Ösp teljum við að okkar sterkasta sóknfæri sé samstarf við foreldra. Við styðjum við þeirra hlutverk sem málfyrirmyndir og málmiðlarar. Við viljum einnig hvetja foreldra til þess að vera sjálf virk hvað varðar tvítyngi og styðja við það að þau fái tækifæri til þess að öðlast betri íslensku tungu á meðan börnin þeirra dvelja hjá okkur.

- Fræðslu, leiðsögn og samtöl við foreldra bæði um mikilvægi móðurmáls og hagnýtar aðferðir við málörvun í daglegum samskiptum við börn.
- Við notum túlk bæði við foreldra og börn þegar þörf er á, til þess að tryggja að enginn misskilningur sé um upplýsingagjöf og virða rétt allra til samtala sem gagnast báðum aðilum.
- Íslenskunámskeið fyrir foreldra á vegum leikskólans

- Málörvunar bakpoki sem fer milli heimili og skólans til þess að tryggja góðar málörvunar venjur á heimili og samfellda málörvun milli heimili og skólans
- Þýðingu á eins mikið af upplýsingum og hægt er
- Börnum eru leyft að tala sitt móðurmál á milli með allar aðstæður, og oft eru virkt í að miðla til og styðja við börn sem tala sama móðurmál og er ekki kannski ekki eins langt komin hvað varðar íslensku.
- Ef starfsfólk leikskólans talar sama móðurmál og börn þá eru þau virkjuð í að vinna markvisst með móðurmál við börn sem tala sama móðurmál.
- Leitað er eftir leiðium til þess að nota upplýsingatæki í leikskólanum í tengslum við móðurmáls örvun.
- Stefnt er að samstarfi við eldri nemendur í Fellaskóla í lestrarstundum innan leikskóla við börn sem tala sama móðurmáli.
- Efla og styrkja tengsl við Móðurmál samtök í þeim tilgangi að þjóna börn og fjölskyldum betur sem hafa annað mál en íslensku og einig styðja við kennarana hér í Ösp sem vinna með tvítýngd börn og fjölskyldur þeirra.

*Nichole Leigh Mosty*

Nichole Leigh Mosty, Leikskólastjóri

*Reykjavík 11, apríl 2014*

Reykjavík 11, apríl 2014